

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Þriðjudaginn 10. september kl. 13.15

á Hilton Nordica Suðurlandsbraut 2, salur H&I

Dagskrá:

1. Fundur settur, Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
2. Sex mánaðar uppgjör félags- og orlofssjóðs Sameykis
3. Uppstilling fulltrúa Sameykis á BSRB þing.
4. Farið yfir dóm um ferðatíma Jenný Þórunn
5. Samantekt á vinnu trúnaðarmanna á fundi 17.4 um fyrirkomulag fund og starfs trúnaðarmanna
6. Stofnun ársins – markmið og hvatning
7. Önnur mál.

-
1. Setning fundar Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
 2. Sex mánaðar uppgjör félags- og orlofssjóðs Sameykis Gunnsteinn fór yfir uppgjórið.
 3. Uppstilling fulltrúa Sameykis á BSRB þing. Þórarinn sagði frá því að Sameyki ætti 106 fulltrúa á BSRB þinginu. Hann fór yfir aðferðir við uppstillingu fulltrúa Sameykis á þingið og kynnti lista yfir fulltrúana sem yrði sendur til þingfulltrúa stax eftir fundinn. Þessi aðferð var samþykkt.
 4. Farið yfir dóm um ferðatíma Jenný Þórunn.
Farið var ítarlega yfir þá dóma sem hafa fallið í þessu máli. Nokkrar umræður sköpuðust um málið
 5. Samantekt á vinnu trúnaðarmanna á fundi 17.4 um fyrirkomulag fund og starfs trúnaðarmanna. Jakobína fór yfir niðurstöður úr hópavinnu sl. vor um fyrirkomulagið og kynnti hvaða ákvarðanir voru teknar í takt við niðurstöðurnar. Fjallað var um Fræðslu trúnaðarmanna, fundi trúnaðarmannaráðs, þátttaka trúnaðarmanna og tengsl og upplýsingargjöf til trúnaðarmanna.
 6. Stofnun ársins – markmið og hvatning Jakobína fór yfir praktíska liði. Könnun fer af stað eftir miðjan október og stendur yfir í 6 vikur.
Hún óskaði eftir aðstoð frá trúnaðarmönnum til þess að hvetja til þátttöku. Niðurstöður könnunar mynda niðurstöðu fyrir „Stofnanir ársins“
Þeir vinnustaðir sem ná ekki lágmarkspáttöku komast ekki á lista. Skilyrði fyrir þátttöku er lágmarks starfshlutfall og starfstími. Að lokum talaði hún um að öllum trúnaðarmönnum væri boðið á málþing og hátíðina Stofnun ársins, sem verður 13. febrúar 2025. Hvatti trúnaðarmenn til þess að taka daginn frá.

Markmið Sameykis er að bæta starfsumhverfi félagsfólks, efla starfsþróun þess, styðja við stjórnendur í að vinna að umbótum á starfsumhverfinu og auka starfsánægju.

Niðurstöðurnar veita stjórnendum greinargóðar upplýsingar um aðbúnað og líðan starfsfólks og sterkan grunn til að byggja á umbótastarf.

Sá ítarlegi samanburður sem fæst úr Stofnun ársins við aðrar starfsstaði eða stofnanir og fyrri mælingar, gefa greinargóðar upplýsingar um stöðu mála, staðfestingu á því sem vel er gert í starfsmannamálum og/eða hvatningu til að gera betur.

7. Önnur mál

Enginn kvað sér hljóðs undir liðnum.